

**LÖG**  
**um breytingu á lögum um greiðslujöfnun**  
**fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985,**  
**með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði laga þessara taka þó ekki til ÍLS-veðbréfa sem Íbúðalánasjóður veitir eða afgreiðir frá og með 1. júlí 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

---

*Árni Magnússon.*